

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19. maí 2020 til íbúaráðs Breiðholts vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Suður Mjódd.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Suður Mjódd birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu á morgunn 20. maí 2020. Tillagan er í kynningu frá 20. maí 2020 til og með 1. júlí 2020. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/sudur-mjodd-0>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. apríl 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 7. maí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar vegna lóðarinnar nr. 12 við Skógarsel, íþróttasvæði ÍR. Í breytingunni felst að byggingarreitur íþróttahúss stækkar til suðvesturs um 16 metra, byggingareitur norðaustan minnkar um 18 metra auk þess stækkar byggingarreitur til suðausturs að bílastæðum um 7. metra, aðkoma frá Skógarseli norðaustan byggingarreits innan lóðar tengist bæði íþróttahúsi og knatthúsi með þjónustuaðkomu og afmörkun bílastæða til suðvesturs minnkar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **20. maí 2020 til og með 1. júlí 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 1. júlí 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,  
Þuríður Guðmundsdóttir  
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið  
Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík  
Sími: 411-1111 - Netfang: [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)